

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2012****2012/EES/56/07****frá 15. júní 2012****um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið), XIX. viðauka (Neytendavernd) og bókun 37 við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. og 101. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2012 frá 30. mars 2012 ⁽²⁾.
- 3) Bókun 37 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2012 frá 30. mars 2012 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) ⁽⁵⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 263, 6.10.2010, bls. 15.
- 6) Til þess að tryggja góða framkvæmd samningsins er rétt að víkka gildissvið bókunar 37 við samninginn þannig að hún taki til tengslanefndar um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem sett var á laggirnar samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2010/13/ESB, og breyta XI. viðauka þannig að fram komi hvaða málsmeðferð ræður samskiptum við þessa nefnd.
- 7) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2010/13/ESB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 89/552/EBE ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 5p (tilskipun ráðsins 89/552/EBE) í XI. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 L 0013:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtið. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 263, 6.10.2010, bls. 15.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Orðin „eða EFTA-riki“ bætist við á eftir orðinu „sambandið“ í iii. lið í staflið n) í 1. mgr. 1. gr.
- b) Eftirfarandi undirgrein bætist við í iii)-lið í staflið n) í 1. mgr. 1. gr.:

„Hyggist samningsaðili gera samning sem tengist hljóð- og mynddefnisframleiðslu, ber honum að tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni. Samráð um efni slíkra samninga getur átt sér stað að beiðni eins og sérhvers samningsaðila.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 48, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 59.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 41, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 49.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 27.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23.

- c) Orðin „49.–55. gr. samningsins um starfshætti Evrópusambandsins“ í 5. mgr. 2. gr. hljóði svo: „31.–35. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði“.

Nánari tilhögun samstarfs við sérfræðinga frá Liechtenstein, Íslandi og Noregi í samræmi við 101. gr. samnings þessa:

Hverju EFTA-ríki er heimilt að tilnefna einn fulltrúa lögbæra yfirvaldsins, sem hvert EFTA-ríki tilgreinir, til þátttöku í fundum tengslanefndar um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem um getur í 29. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004) í XIX. viðauka við samninginn:

„– **32007 L 0065**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 (Stjtið. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 27).“

3. gr.

Bókun 37 (með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.) við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 12. liðar (tengslanefnd um sjónvarpsrekstur (tilskipun ráðsins 89/552/EBE)) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við:

„35. Tengslanefnd um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB).“

4. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2007/65/EB og 2010/13/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.